

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



Reykjavík 15. nóvember 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um 300 þús. kr. lágmarksframfærslu almennatrygginga.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar 300 þús. kr. lágmarksframfærslu almennatrygginga.

ÖBÍ fagnar fram kominni tillögu og tekur undir með flutningsmönnum hennar að lífeyrisþegar hafa setið eftir við kjarabætur síðustu ára og nauðsynlegt er að bæta verulega í við þennan hóp. Eins og ÖBÍ hefur bent á í umsögnum um fjárlagafrumvörp síðustu ára hefur sá hópur sem nýtur aðeins bóta frá Tryggingastofnun dregist verulega aftur úr öðrum hópum í samfélaginu. Er svo komið í dag að lífeyrir einstaklings sem ekki býr einn og nýtur því ekki heimilisuppbótar er með lægri greiðslur en nemur grunn atvinnuleysisbótum en margir þurfa að lifa á lífeyri árum saman eða jafnvel alla ævi á meðan atvinnuleysisbætur eru skammtímaúrræði.

ÖBÍ hvetur þingmenn alla sem einn að sameinast um þessa tillögu þannig að fjármunum verði forgangsraðað til að tryggja öllum lífeyrisþegum mannsæmandi framfærslu.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemi og virðingu,

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ